

Leikskólinn Hraunheimar leitar að kraftmiklu og jákvæðu eldhúsfólki!

🌟 Viltu vera hluti af nýjum og líflegum leikskóla? 🌟

Leikskólinn Hraunheimar leitar að kraftmiklu og jákvæðu eldhúsfólki!

Hraunheimar er nýr og metnaðarfullur leikskóli í Þorlákshöfn þar sem lögð er áherslu á læsi í víðu samhengi og leikinn sem námsleið barnanna. Við viljum bjóða börnunum upp á góðan og næringarríkan mat í notalegu og snyrtilegu umhverfi. [Hér](#) er hægt að lesa nánar um stefnuna.

Við í leikskólanum Hraunheimum leitum að glaðlyndum og samviskusömum einstaklingum til starfa í eldhúsi. Um er að ræða tvær 70-75% stöður í upphitunareldhúsi skólans. Maturinn er eldaður í miðlægu eldhúsi í Þorlákshöfn og sendur til okkar daglega.

Helstu verkefni:

- Undirbúningur og framreiðsla á morgunmat, hádegismat og nónhressingu
- Móttaka og meðhöndlun hádegismatar frá miðlægu eldhúsi
- Matreiðsla á morgunmat og bakstur brauðs
- Uppvask, þrif og almennur frágangur í eldhúsi
- Umsjón með þvotti

Við leitum að einstaklingi sem:

- Hefur reynslu af eldhússtörfum (kostur en ekki skilyrði)
- Er skipulagður, sjálfstæður og jákvæður í vinnubrögðum
- Býr yfir góðri samskiptafærni
- Hefur hreint sakavottorð skv. lögum nr. 90/2008

Laun eru skv. kjarasamningi FOSS og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Við viljum helst að viðkomandi geti hafið störf í lok ágúst.

Umsóknarfrestur er til og með 25. maí 2025 og skal umsóknum skilað rafrænt á www.olfus.is

☎ Nánari upplýsingar veitir leikskólastjóri, Hrafnhildur Hlín, í síma 480-3800 eða í tölvupósti á hrafnhildurh@olfus.is

Komdu og vertu hluti af uppbyggingu nýs og spennandi leikskóla – við hlökkum til að heyra frá þér! 💛